# Jólin eru í hjartanu

Foreldrar mínir hafa pantað flugmiða til Arabíu um jólin. Ég hef reynt að segja þeim að það séu ekki haldin jól í Arabíu og það er ástæðan fyrir því að ég vil ekki fara yfir jólin. Ég vil hafa það notalegt hér á Íslandi og skreyta jólatréð, opna alla pakkana, drekka heitt súkkulaði, horfa á jólamynd með fjölskyldunni, borða góðan mat og hafa notalega stund saman. Ef við förum til Arabíu þá verða engin jól. Mér finnst alveg fáránlegt að mamma og pabbi skuli panta miða svona rétt fyrir jólin.

Þau hlusta ekkert á mig og segja að við förum samt til Arabíu og því erum við að fara strax í fyllramálið í flugvélina. Ég er mjög leið og pirruð yfir því að ....

þurfa af fara og missa af jólunum. Það er runnin up aðfangadagur. Við erum á hótelinu, úti er sól og blíða, engin jóla-snjór. Inni á hótelinu er ekkert jólalegt vegna þess að það er ekkert jólaskraut og ekkert jólatré. Ég er ekki búin að vera sátt vegna þess að það verða engin jól í ár og ég er þess vegna búin að vera í fýlu í allan dag.

Við erum sest við matarborðið og klukkan er orðin sex. Mamma og pabbi pöntuðu fínan mat og maturinn var eiginlega betri en ég hélt að hann yrði. Í eftirrétt er ís með súkkulaði sósu og ísinn er alveg geggaður.

Eftir matinn koma mamma og pabbi mér alveg á óvart og gefa mér arabískt hálsmen. Á hálsmeninu

standa nöfnin á öllum í fjölskyldunni á arabísku. Mér þykir alveg rosalega vænt um þessa gjöf og hún er líka mjög flott.
Þá skil ég að það er ekki jólatré eða jólaskraut sem skapa jólin, heldur eru jólin alltaf í hjartanu. Sama hvar þú ert, ef þú ert með fjölskyldunni þá getur þú alltaf haldið jól. :)

Höfundur sögu: Edda Sif Böðvarsdóttir